



Ársskýrsla

2017

Dómsmálaráðherra



Ávarp ráðherra

Inngangur um markmið ársins 2017

Þrátt fyrir góðæri í efnahagsmálum var árið viðburðaríkt og sviftvindasamt í stjórnmálum og stjórnsýslu. Innan stjórnsýslunnar urðu miklar kerfisbreytingar með stofnun og uppskiptingu ráðuneyta sem kölluðu á endurskilgreiningu á verkefnum fyrri hluta árs. Á haustmánuðum varð svo ljóst að boða yrði til enn einna alþingiskosninganna hér á landi. Í kjölfar þeirra tók við flókin stjórnarmyndun sem fékk loks farsælan endi með núverandi ríkisstjórn. Lauk þar með óvissutímabili við stjórn landsins.

Þrátt fyrir ærin verkefni tengd endurreisn dómsmálaráðuneytis og óróa á stjórnmálasviðinu náðust mörg markmið á málefnasviði þess eins og meðfylgjandi skýrsla ber með sér.

Stofnun dómsmálaráðuneytis

Margir hafa talið að sá samruni ráðuneyta sem komið var á árin 2009 og 2011 hafi ekki borið tilætlaðan árangur og því var ákveðið í lok ársins 2016 að endurreisa dómsmálaráðuneytið sem tók svo til starfa í maí 2017 við skiptingu innanríkisráðuneytis í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Það var við hæfi að endurreisn dómsmálaráðuneytisins færi fram á 100 ára afmæli ráðuneytis dómsmála hér á landi en það hafði verið til sem sérstakt ráðuneyti frá árinu 1917 með Jón Magnússon sem dómsmálaráðherra og í mynd dóms- og kirkjumálaráðuneytis frá árinu 1921.

Mörg verkefni dómsmálaráðuneytis lúta að kjarnastarfsemi ríkisins og hafa takmarkaða skírskotun til verkefna annarra greina stjórnarráðsins. Dómsmálaráðuneytið samanstendur nú af þremur málefnasviðum sem eru dómstólar, almanna- og réttaröryggi og réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála. Skipurit ráðuneytisins skiptist hins vegar niður á fjórar skrifstofur sem eru lagaskrifstofa, skrifstofa almanna- og réttaröryggis, skrifstofu réttinda einstaklinga og skrifstofu fjármála og rekstrar. Um leið var skipaður nýr ráðuneytisstjóri og nýir skrifstofustjórar við tvö málaefnasvið. Fyrrum starfsmenn innanríkisráðuneytis hafa ýmist farið í ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála eða dómsmála sem deilir húsnæði að Sölvhólsögötu 7.

Stofnun Landsréttar

Með nýjum lögum nr. 50/2016 um dómstóla var stigið það stóra skref til réttarbótar að stofnað var millidómstig hér á landi. Með stofnun Landsréttar var því tryggt að möguleikar til að fá endurskoðun á öllum þáttum ákvarðana héraðsdómstóla var bætt til muna auk þess sem tryggt verður að Hæstiréttur verður ekki undirsettur það óhæfilega vinnuálag sem einkennt hefur starfsemi hans undanfarin ár heldur getur kveðið upp vel ígrundaða dóma sem hafa munu aukið fordæmisgildi.

Hinum nýja dómstól var markaður skýr rammi í lögum hvað varðar skipan dómara og tímamörk. Dómarar við hinn nýja dómstól voru skipaðir eins og mælt er fyrir um í lögum fyrir 1. júlí 2017 og dómstóllinn tók til starfa um áramótin 2018. Ekki er annað að sjá en að almenn ánægja ríki um störf Landsréttar það sem af er ári en úrskurðir hans og dómur einkennast af þeim gæðum sem ætla má af áfrýjunardómstóli reyndra og hæfileikaríkra dómara.

Lokaorð

Dómsmálaráðuneytið var endurreist á árinu og mörg þau markmið sem stefnt var að náðust. Rekstur ríkisins er hins vegar langhlaup og því brýnt að sofna ekki á verðinum heldur setja sér skýr markmið og raunhæf. Í dómsmálaráðuneytinu er litið til þess að undir það heyrja nokkrar grundvallarstofnanir réttarríkisins. Að þeim þarf að búa þannig að þær geti rækt hlutverk sitt en um leið þarf að leitast við að hámarka skilvirkni og standa vörð um aðhald í ríkisrekstri.

Bent er á að ársskýrslur ráðherra eru birtar með fyrirvara þar sem ríkisreikningur ársins lá ekki fyrir við gerð þeirra. Mögulegt er að fjárhæðir muni breytast lítillega við lokafrágang ríkisreiknings og verða skýrslurnar uppfærðar eftir því sem við á.

Í ársskýrslum ráðherra eru niðurstöður sýndar sem gjöld að fráregnum rekstrartekjum. Hins vegar eru uppgjörstölur í frumvarpi til fjárlaga birtar með þeim hætti að afskriftir ársins eru dregnar frá útgjöldum málefnasviða og málaflokka og fjárfestingum ársins bætt við, en með því fæst skýrari samanburður við fjárheimildir samkvæmt fjárlögum.

Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Inngangur

Dómsmálaráðuneytið var stofnað þann 1. maí 2017, þegar inn-
anríkisráðuneytinu var skipt í tvö ný ráðuneyti, dómsmálaráðu-
neytið og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Verkefni dómsmálaráðuneytisins ná til fjölmargra sviða
þjóðfélagsins. Þau varða meðal annars almannavarnir, ákæru-
vald, dómstóla, réttarfar, mannréttindi, fullnustu dóma, land-
helgisgæslu, löggæslu, persónurétt, sýslumenn og kosningar.

Hjá ráðuneytinu starfa rúmlega 40 starfsmenn á fjórum
skrifstofum. Undir ráðuneytið heyrja 30 stofnanir og hefur
það aðkomu að þremur málefnasviðum. Málefnasvið 2,
Dómstólar, málefnasvið 9 Almanna- og réttaröryggi og
málefnasvið 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla
dómsmálaráðuneytis (áður stjórnsýsla innanríkismála)

Starfsemi eftirfarandi stofnana heyrja undir ráðuneytið
skipt eftir málefnasviðum:

- **Dómstólar:** héraðsdómstólar, Landsréttur,
Hæstiréttur og dómstólasýslan
- **Almanna- og réttaröryggi:** níu lögregluembætti,
Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæslan, ríkissaksóknari,
héraðssaksóknari og Fangelsismálastofnun
- **Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla DMR:**
Persónuvernd, Útlendingastofnun, kærunefnd
útlendingamála og níu sýslumannsembætti.

Helstu verkefni 2017

Á árinu 2017 var unnið að undirbúningi stofnunar Landsréttar
og dómstólasýslunnar í samræmi við ný dómstólalög
nr. 50/2016.

Aðgerðaráætlun til að styrkja meðferð kynferðisbrota-
mála innan réttarvörslukerfisins var kynnt af dómsmálaráðherra
haustið 2017. Tryggja á samræmdar áherslur á landsvísu við
meðferð kynferðisbrota með það að markmiði að öll lögreglu-
embætti á landinu séu í stakk búin til að sinna rannsókn og
meðferð kynferðisbrota. Aðgerðaráætlunin verður fjármögnuð
frá og með árinu 2018.

Einnig var unnið að eflingu löggæslu með áherslu á styrk-
ingu landamæravörslu, fjölgunar lögreglumanna og endur-
nýjun á búnaði og tækjum.

Undirbúningur fyrir nýtt evrópskt persónuverndarreglu-
verk hélt áfram af miklum þunga árið 2017. Persónuvernd
gegndi lykilhlutverki í undirbúningi fyrir nýtt regluverk en
vegna fyrirhugaðrar gildistöku þess árið 2018 og vegna
þeirra miklu breytinga sem það fól í sér jókst verulega áhugi
fyrirtækja, stofnana, almennings og fjölmiðla á hinu nýja
regluverki ásamt áhuga á persónuverndarmálefnum almennt.

Um ársskýrsluna

Skýrsla þessi er gerð skv. 62. gr. laga um opinber fjármál
123/2015 þar sem gera skal m.a. grein fyrir niðurstöðum
útgjalda innan málefnasviða og málaflokka og þau borin
saman við fjárheimildir fjárlaga. Auk þess skal meta ávinning
af ráðstöfun fjárveitinga með tilliti til settra markmiða og að-
gerða. Skýrslan er því í raun uppgjör á fjárlögum fyrra árs. Þar
sem ríkisreikningur liggur ekki fyrir eru tölurnar í uppgjörinu
einungis bráðabirgðatölur.

Dómsmálaráðuneytið ber ábyrgð á 3 málefnasviðum og 14 málaflokkum

02 Dómstólar

- Hæstiréttur
- Héraðsdómstólar
- Landsréttur
- Dómstólasýslan

09 Almanna- og réttaröryggi


- Löggæsla
- Landhelgi
- Ákærvald og réttarvarsla
- Réttaraðstoð og bætur
- Fullnustumál

10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis

- Persónuvernd
- Trúmál
- Sýslumenn
- Stjórnsýsla DMR
- Útlendingamál

Tafla 1

Útgjöld málefnasviða sem heyra undir dómsmálaráðuneytið



Útgjöld málefnasviða (m.kr.) Rekstrargjöld og fjárfestingar

■ 02 Dómstólar	2.175
■ 09 Almanna- og réttaröryggi	22.510
■ 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla innanríkismála	15.346

Rekstur og fjárfestingar

Myndin sýnir málefnasvið á forræði dómsmálaráðherra. Óbyggðanefnd og ríkislögmaður tilheyra Almanna- og réttaröryggi en þessar stofnanir eru á ábyrgð forsætisráðherra og eru fjárhæðir þessu tengdar ekki teknar með hér. Útgjöld dómsmálaráðuneytisins námu samtals 40 m.ö.kr. á árinu 2017 sem er um 5% af útgjöldum ríkisins. Stærstur hluti útgjalda ráðuneytisins er til Almanna- og réttaröryggis eða 56%.

Málefнасvið

Frávikagreining – málefнасvið og málaflokkar

Frávikagreining

Málefнасvið dómsmálaráðuneytisins eru öll með óverulegt frávik frá áætlun ársins og einnig ef tekið er tillit til afkomu fyrri ára. Nokkrir málaflokkar eru með frávik sem vert er að gera grein fyrir.

Landsréttur skilaði 37 m.kr. afgangi þar sem hluti af kostnaði vegna stofnbúnaðar færast yfir til ársins 2018.

Réttaraðstoð og bætur var 267 m.kr. umfram fjárheimild en hér er um málskostnaðarliði að ræða sem ráðast af utanaðkomandi þáttum.

Trúmál voru 528 m.kr. undir fjárheimild sem skýrist af úppgærðri greiðslustöðu til kirkjunnar vegna kirkjujarðarsamkomulags.

Sýslumenn voru 11% umfram fjárheimild þegar tekið hefur verið tillit til uppsafnaðs halla frá fyrri árum. Rekstrarstaða embættanna er erfið og hefur verið um nokkurra ára skeið. Gerð var áætlun til tveggja ára, um það hvernig unnið yrði að því að koma rekstrinum innan fjárheimilda.

Tafla 2 Rekstur – málefнасvið og málaflokkar

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik %
02 Dómstólar	2.096	2.135	-38	-1,8%	0	-39	-2%
0210 Hæstiréttur	178	187	-8	-4,4%	12	-20	-11%
0220 Héraðsdómstólar	1.819	1.815	4	0,2%	-12	16	1%
0230 Landsréttur	88	126	-37	-29,8%	0	-37	-30%
0240 Dómstólasýslan	10	7	3	40,8%	0	3	41%
09 Almanna- og réttaröryggi	21.693	21.060	633	3,0%	69	564	3%
0910 Löggæsla	12.933	12.763	170	1,3%	-20	190	1%
0920 Landhelgi	3.816	3.661	156	4,2%	37	119	3%
0930 Ákærvald og réttarvarsla	1.081	1.098	-17	-1,5%	12	-29	-3%
0940 Réttaraðstoð og bætur	2.040	1.772	267	15,1%	0	267	15%
0950 Fullnustumál	1.824	1.766	58	3,3%	41	16	1%
10 Réttindi einst., trúmál og stjórnýsla innanríkism.	15.275	15.499	-225	-1,4%	52	-276	-2%
1010 Réttindi einstaklinga	4.210	4.301	-91	-2,1%	-10	-81	-2%
1020 Trúmál	6.503	6.695	-192	-2,9%	336	-528	-8%
1030 Sýslumenn	2.776	2.737	40	1,4%	-270	309	11%
1040 Stjórnýsla innanríkismála*	1.785	1.766	19	1,1%	-5	23	1%

*Felur í sér kostnað vegna dómsmálaráðuneytisins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Á næstu síðum verður farið yfir stöðu markmiða, mælikvarða og aðgerða í málaflokkum dómsmálaráðuneytisins sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga 2017. Umfjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum. Staða aðgerða miðast við árslok 2017. Í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál skal ráðherra setja fram stefnu fyrir þau málefnavið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á til eigi skemmri tíma en fimm ára. Ekki er ólíklegt

að í þeirri stefnumótunavinnu sem unnin verður á næstu misserum verði breytingar á þeim markmiðum og mælikvörðum sem áður hafa verið sett fram.

Árangursmælingar markmiða eru tvíþættar: mælikvarðar 2017 gerðir upp og sömuleiðis aðgerðir ársins sem settar voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017.

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímaáætlun	Staða
Stutt yfirskrift aðgerðar	Skilgreint hvaða markmið hún styður við í viðkomandi málaflokki	Tímabil aðgerðar	Aðgerð lokið Aðgerð komin vel á veg Aðgerð hafin Undirbúningur hafinn Aðgerð ekki hafin

02 Dómstólar

Á málefnaviði 2 Dómstólar á árinu 2017 var unnið að undirbúningi umfangsmikilla breytinga á dómstólaskipan landsins sem mælt var fyrir um nýjum dómstólalögum nr. 50/2016. Við gildistöku laganna 1. janúar 2018 skyldi taka til starfa nýr áfrýjunardómstóll, Landsréttur. Skipaðir voru 15 dómáramar við Landsrétt og forseti hans tók til starfa þann 1. ágúst 2017. Helstu verkefni vegna stofnunar Landsréttar voru vegna húsnæðis réttarins, vals og kaupa á málaskrárkerfi, ráðningar á starfsfólki Landsréttar og ýmis annar undirbúningur til að dómurinn gæti tekið til starfa í byrjun janúar 2018.

Að hausti 2017 hófst einnig undirbúningur að starfsemi sjálfstæðrar stjórnslustofnunar, dómstólasýslunnar, sem annast á sameiginlega stjórnslu dómstóla landsins. Til þess að undirbúa starfsemi dómstólasýslunnar var stjórn hennar skipuð 1. ágúst 2017 og framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar var skipaður þann 1. október 2017. Eru verkefni dómstólasýslunnar viðameiri en verkefni dómstólaráðs, enda ætlað að taka til dómstíganna þriggja. Dómstólaráð var lagt niður þegar dómstólasýslan tók til starfa.

Rafræn þjónustugátt réttarvörslukerfisins

Markmið verkefnisins er að tengja upplýsingakerfi stofnana réttarvörslukerfisins saman með rafrænum hætti, bæta yfirsýn og samfellu málsmeðhöndlunar, auka hagkvæmni og skilvirkni, auðvelda tölfraeðivinnslur, spara pappírskostnað og stórauka gagnaöryggi.

Á var unnin ítarleg fýsileikagreining þar sem safnað varárinu saman gögnum frá stofnunum réttarvörslukerfisins um væntanlega hagræðingu af innleiðingu kerfisins. Undirbúningur vegna útboðs reyndist umfangsmeiri en gert hafði verið ráð fyrir og náðist útboð því ekki á árinu 2017. Við uppskiptingu ráðuneyta fór ábyrgðaraðili verkefnisins til annarra starfa og því hægð á framgangi þess á árinu auk þess sem verkefnið var ekki fjármagnað nema að hluta til á árinu 2017.

Markmið: Sömu markmið gilda fyrir alla dómstóla

Markmið	Mælikvarðar	Viðmið 2017	Staða 2017
1. Aðgangur að dómstólum sé greiður, málsmeðferð skilvirk og réttlát og mannréttindi virt	Fjöldi, tegund og þyngd mála og málsmeðferðartími	Viðmið sett	Mælikvarðinn er eitt af þeim verkefnum dómstólasýslan mun vinna að
2. Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt	Rafræn þjónustugátt sem uppfylli kröfur um öryggi gagna	Útboð á framtíðarsamskiptalausn fyrir stofnanir réttarvörsluferfis og þá ytri aðila sem þeim tengjast	Ekki náðist að klára undirverkefni vegna fyrirhugaðs útboðs, sem reyndist umfangsmeira en gert hafði verið ráð fyrir

Aðgerðir skv. frumvarpi til fjárlaga 2017

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímaáætlun	Staða
Sameiginleg stjórnýsla dómstólanna sett á fót til að auka skilvirkni og hagræði	1	2017-2018	Aðgerð lokið
Unnið að undirbúningi að rafrænu gagnafleði milli stofnana réttarvörsluferfisins sem tryggir yfirsýn og rekjanleika mála innan þess	2	2017	Aðgerð hafin
Húsnæði, aðbúnaður og mannaflí vegna Landsréttar	1 og 2	2017	Aðgerð lokið

09 Almanna- og réttaröryggi

09.10 Löggæsla

Haustið 2016 var bóklegt nám lögreglumanna fært á háskólastig. Námið er nú við Háskólann á Akureyri en verklegt nám fer fram hjá mennta- og starfsþróunarsetri embættis ríkislög- reglustjóra sem komið var á fót samhliða þessum breytingum. Mennta- og starfsþróunarsetrið mun annast alla endurmenntun og fræðslu innan lögreglunnar.

Þann 1. janúar 2017 tók til starfa eftirlitsnefnd með störfum lögreglunnar. Þangað geta þeir leitað sem telja lögregluna hafa brotið gegn rétti sínum.

Vaxandi álag hefur verið við landamæravörslu bæði vegna flugs og komu skemmtiferðaskipa. Á árinu 2017 var auknu fé varið til landamæravörslu sem fólst í að fjölga starfsmönnum og setja upp landamærahlíð í Leifsstöð. Þá var löggæsla og hálendisefirlit á helstu ferðamannastöðum eftl.

Gerð er grein fyrir verkefninu um rafrænt gagnafleði í réttarvörsluferfinu í kaflanum um dómstólana hér að framan.

Markmið 1: Besta mögulega þjónustustig

Mælikvarðar	Viðmið 2017	Raun 2017
Viðbragðstími lögreglu vegna útkalla	Mælingar hafnar	Í árslok 2017 voru um 40 ökutæki af 150 ökutækjum lögreglu þínar tölvubúnaði og áfram er unnið að hugbúnaðarlausnum til að mæla útkallstíma.
Tíðni afbrota eftir málaflokkum/aukin tíðni tilkynntra brota.:		
-Líkamsárásam fækki	-2%	4% (Fjölgar úr 1.523 í 1.586 frá fyrra ári)
-Auðgunarbrotum fækki	-3%	9% (Fjölgar úr 5.286 í 5.766 frá fyrra ári)
-Hlutfall heimilisofbeldisbrota sem tilkynnt er um aukist	5%	8% (Fjölgar úr 823 í 888 frá fyrra ári)
-Ítrekunarbrott vegna heimilisofbeldis fækki	-5%	Mælingar liggja ekki fyrir
-Hlutfall tilkynntra tölvubrota hækki	10%	Mælingar liggja ekki fyrir
Ánægja með störf lögreglu (mjög/frekar ánægð)	90%	84,6%
Ánægja með störf lögreglu (mjög ánægð)	30%	23,4%
Ánægja með þjónustu/aðstoð lögreglu (mjög/frekar ánægð)	90%	83,8%
Ánægja með þjónustu/aðstoð lögreglu (mjög ánægð)	50%	44,2%

Markmið 2: Hæsta mögulega öryggisstig

Mælikvarðar	Viðmið 2017	Raun 2017
Áhættumæling í umdæmum lögreglu	Að ástandið batni	Hafinn var undirbúningur á áhættuskoðun í umdæmum en skoðun náði ekki að fara fram. Í skoðun er að ráða sérfræðing í áhættumati við almannavarnardeild sem er ætlað að leiða þessa vinnu.
Öryggistilfinning mæld hjá almenningi, mjög örugg(ur)	95%	92%
Öryggistilfinning mæld hjá almenningi, frekar örugg(ur)	60%	50%
Öryggistilfinning mæld hjá lögreglu, örugg	90%	74%

Markmið 3: Traust og heiðarleg lögregla

Mælikvarðar	Viðmið 2017	Staða 2017
Markmiðið er að lögreglan geri reglubundnar hættu- matsskýrslur og afbrotatöl- fræðiskýrslur	Nýjustu upplýsingar alltaf til reiðu	Á árinu 2017 vann embætti ríkislögreglustjóra m.a. skýrslur um: mat á hættu á hryðjuverkum, mat á ógn af skipulagðri glæpastarfsemi, landamæraöryggi, ýmsa þætti öryggismála, áhættugreiningar vegna loftrýmisgæslu á vegum NATO, greiningar tengdar verkefnum sérsveitar ríkislögreglustjóra, greiningar vegna skipaverndar auk fjölda áhættugreininga vegna komu erlendra ráðamanna og þjóðhöfðingja
Gagnaöryggi	Gerð sé árleg veikleikagreining á upplýsingakerfum tölvudeildar ríkislögreglustjóra	Á árinu 2017 var framkvæmd slík greining auk þess sem unnið var að úttektum vegna upplýsingakerfa Schengen samstarfsins og úttekt Persónuverndar á öryggi upplýsingakerfa
Eftirlit með störfum lögreglu	Skipuð verði eftirlitsnefnd með störfum lögreglu og hún tekin til starfa í samræmi við lög nr. 62/2016	Á árinu 2017 var skipuð eftirlitsnefnd með störfum lögreglu í samræmi við lög nr. 62/2016

Aðgerðir skv. frumvarpi til fjárlaga 2017

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímaáætlun	Staða
Unnið að rafrænu gagnaflæði milli stofnana réttarvörslukerfisins sem tryggir yfirsýn og rekjanleika mála innan þess	1, 2 og 3	2016-2017	Aðgerð hafin
Innleiðing á löggæsluáætlun	1, 2 og 3	2017-2021	Undirbúningur hafinn
Bóklegt nám lögreglumanna fært á háskólastig til áframhaldandi framþróunar	1, 2 og 3	2016-2017	Aðgerð lokið
Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu sett á fót hjá embætti Ríkislögreglustjóra sem mun annast endurmenntun og fræðslu innan lögreglu	1, 2 og 3	2016-2017	Aðgerð lokið
Skipuð eftirlitsnefnd með störfum lögreglu	3	2017	Aðgerð lokið
Rafræn landamærahlíð í Leifsstöð	1 og 2	2017	Aðgerð lokið
Tæknivæðing lögreglubíla svo mæla megi neyðarútkallsviðbragð og auka skilvirkni við framkvæmd lögreglustarfa	1 og 2	2017-2018	Aðgerð hafin
Styrking landamæravörslu á Keflavíkurflugvelli vegna fjölgunar ferðamanna	1 og 2	2017	Aðgerð hafin

09.20 Landhelgi

Markmið um könnun á skipum í íslenskri lögsögu náðist ekki þar sem að eingöngu eitt varðskip er á sjó hverju sinni og reyndist verkefni umfangsmeira en svo að það teldist raunhæft. Þetta á jafnframt við um mælikvarðann um viðbragðstíma björgunarþjónustu.

Landhelgisgæslan hefur aðgang að AIS í gegnum gervitungl frá Siglingaröryggisstofnun Evrópu (EMSA) samkvæmt samkomulagi.

Á árinu 2017 var hafið verkefni í samvinnu við atvinnu-vegaráðuneytið og Hafrannsóknastofnun um kortlagningu

hafsbotsins við Ísland, verkefnið er unnið samkvæmt verkefnisáætlun og er áætlað að það standi til ársins 2026.

Landhelgisgæslan á fulltrúa í starfshópi Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem fjallar um staðsetningu björgunarskipa félagsins. Á árinu 2017 var staðsetning björgunarskipanna endurskoðuð.

Landhelgisgæslan á gott samstarf við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins en ekki hefur verið gengið frá formlegum samstarfssamningi varðandi aðkomu þeirra að slökkvistarfi á sjó eins og stefnt var að.

Markmið: Landhelgi

Markmið	Mælikvarðar	Viðmið 2017	Staða 2017
1. Leitar- og björgunarþjónusta verði í samræmi við fullnægjandi öryggis- og þjónustustig	Raunefirlit sýnir undir 3% frávik frá fjarefirlitskerfum.	<3%	0%
	Hlutfall lögsögunnar sem er raunvaktad í hverri viku.	90%	Ekki mælt þar sem það vantaði verkfæri og/eða viðmið til að styðjast við
	Hlutfall skipa sem sigla í íslenskri lögsögu sem eru könnuð á ársgrundvelli.	20%	155 skip eða 8,9%
2. Landhelgisgæslan tryggir almannaoöryggi í auðlindalögsögu Íslands	Björgunarþjónusta með þyrlu innan efnahagslögsögu Íslands er möguleg innan sex klukkustunda, þar á meðal samningsbundin þjónusta við NATO.	40%	56%
	Björgunarþjónusta með varðskipi innan efnahagslögsögu Íslands er möguleg innan tuttugu og fjögurra klukkustunda.	48 klst. 200/365	48 klst. 272/365
	Björgunarþjónusta með flugvél innan leitar- og björgunarsvæðis Íslands er möguleg innan sex klukkustunda.	57%	42%

Aðgerðir skv. frumvarpi til fjárlaga 2017

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímaáætlun	Staða
Vöktun lögsögu með AIS (sjálfvirkir auðkenningar-kerfi skípa) í gegnum gervitungl	1	2017-2020	Aðgerð hafin
Samkomulag við Vegagerðina sem tryggir aðgengi að upplýsingum úr fjareftirlitskerfum	1	2016-2017	Aðgerð lokið
Unnið verður markvisst að mælingum á hafsbotninum við Ísland í samræmi við áætlun atvinnuvegaráðuneytisins	1	2017-2026	Aðgerð hafin
Yfirfara staðsetningu og viðbragðstíma björgunarskipa í samstarfi við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu	2	2017	Aðgerð lokið
Virka samkomulag við Slökkviliðið á höfuðborgar-svæðinu um aðkomu þeirra að slökkvistarfi á sjó	2	2017-2018	Aðgerð ekki hafin

09.30 Ákærvald og réttarvarsla

Í samræmi við aðgerð til þess að auka gæði ákærvaldsstarfa var í ágúst 2017 ráðinn til starfa saksóknari við embætti ríkissaksóknara sem hefur einkum með höndum það verkefni að halda utan um menntun og þjálfun ákæranda. Haldin hafa verið námskeið á tímabilinu og unnið að undirbúningi námskeiðsloða fyrir ákærændur ásamt endurmenntunarnám-skeiðum sem halda skal á árunum 2018-2019.

Með lögum nr. 103/2016 sem tóku gildi 1. janúar 2016 var ríkissaksóknara fengið stærra eftirlitshlutverk

en áður þegar kemur að hlustunum lögreglu. Í kjölfarið á breytingunum var úthlutað 9 m.kr. fjárveitingu til að gera nauðsynlegar breytingar á LÖKE kerfinu. Þeim breytingum var ekki lokið um áramótin 2017-2018 en er nú unnið að þessum viðbótum við LÖKE þar sem gert verður kleift að vista öll stafræn sönnunargögn.

Gerð er grein fyrir verkefninu um rafrænt gagnaflæði í réttarvörslukerfinu í kaflanum um dómstólana hér að framan.

Markmið: Ákærvald og réttarvarsla

Markmið	Mælikvarðar	Viðmið 2017	Staða 2017
1. Aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður, málsmeðferð réttlát og mannréttindi virt	Hlutfall landssvæða sem Óbyggðanefnd hefur úrskurðað um	12/17 svæðum lokið	10/17 svæðum lokið
	Unnið er að mæli- kvörðum fyrir ákærvaldið og ríkislögmenn	Mælikvarðar settir	Unnið að greiningu mælikvarða
2. Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt	Rafrænt gagnaflæði/ þjónustugátt sem uppfylli kröfur um viðunandi gagnaöryggi fyrir viðkvæm gögn	Útboð á framtíðar samskiptalaun fyrir stofnanir réttarvörslukerfisins og þá ytri aðila er þeim tengjast	Ekki náðist að klára undirverkefni vegna fyrirhugaðs útboðs, sem reyndist umfangsmeira en gert hafði verið ráð fyrir

Aðgerðir skv. frumvarpi til fjárlaga 2017

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímaáætlun	Staða
Unnið að undirbúningi að rafrænu gagnafláði milli stofnana réttarvörslukerfisins sem tryggir yfirsýn og rekjanleika mála innan þess	1 og 2	2016-2018	Aðgerð hafin
Ríkissaksóknari heldur málstofur og námskeið fyrir ákærendur til að auka gæði ákærvaldsstarfa	1	2017	Aðgerð lokið
Endurbætur á upplýsingakerfum svo auka og einfalda megi eftirlit með símhlustunum	1 og 2	2017	Aðgerð hafin

09.50 Fullnustumál

Á árinu 2016 voru lögfest lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016 þar sem kveðið er á um reglubundin dags- og fjölskylduleyfi. Með lögunum er nú einnig kveðið á um lengri samfélagsþjónustu, þ.e. í stað þess að fullnusta allt að 9 mánaða fangelsi er nú heimilt að fullnusta allt að 12 mánaða fangelsisrefsingu með þeim hætti. Þá var heimild til afplánunar undir rafrænu eftirliti aukin í allt að 12 mánuði sem og afplánun á Áfangaheimili Verndar.

Í lok árs 2016 var skipaður starfshópur um innheimtu sekta og sakarkostnaðar og vinnur hann nú að því að skila tillögum til ráðherra.

Á árinu 2017 voru sett viðmið um að endurkomutíðni fanga verði ekki hærri en á bilinu 20-24%. Endurkomutíðni er um 20% á Íslandi en um 35% á hinum Norðurlöndunum skv. nýlegri skýrslu frá Norðurlöndunum.*

Gerð er grein fyrir verkefninu um rafrænt gagnafláði í réttarvörsluferfinu í kaflanum um dómstólana hér að framan.

*Tölur frá Noregi höfðu ekki borist.

Markmið: Fullnustumál

Markmið	Mælikvarðar	Viðmið 2017	Staða 2017
1. Fullnustuyfirvöld verði í stakk búin til að fullnusta refsingar með öruggum, skilvirkum og árangursríkum hætti í samræmi við samfélagslega og tæknilega þróun og að tryggja að sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga séu virk	Aukinn innheimtuárangur/tölfræðigögn um innheimtuárangur, beitingu vara-refsingar, fyrningu sekta og sakarkostnað	Unnið er að viðmiðum	Starfshópur vann að viðmiðum skv. ákvæði til bráðabirgða 3, lög nr. 15/2016 um fullnustu refsinga. Starfshópurinn er enn að störfum 5-25% innheimtuárangur eftir fjárhæð sekta*
2. Stuðla að farsælli aðlögun dómpola að samfélaginu	Norræn samanburðar-rannsókn á endurkomutíðni í fangelsi sem tekur yfir tveggja ára tímabil	Unnið er að viðmiðum	Viðmið sett um að endurkomutíðni verði ekki hærri en á bilinu 20-24%. Endurkomutíðni var 20% 2017
3. Að öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt	Rafrænt gagnafláði/þjónustugátt sem uppfylli kröfur um viðunandi gagnaöryggi fyrir viðkvæm gögn	Útboð á framtíðarsamskiptalausn fyrir stofnanir réttarvörslukerfisins og þá ytri aðila sem þeim tengjast	Ekki náðist að klára undirverkefni vegna fyrirhugaðs útboðs, sem reyndist umfangsmeira en gert hafði verið ráð fyrir

*Innheimtuhlutfall hér á landi er um 25-25% fyrir smærri sektir en lægra fyrir sektir yfir 8. m.kr. eða um 5% hlutfall.

Aðgerðir skv. frumvarpi til fjárlaga 2017

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímaáætlun	Staða
Innleiðing fjölskylduleyfa fyrir fanga	1 og 2	2016-2018	Aðgerð lokið
Fjórðungur óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga verði afplánaður utan fangelsis. Árangur skoðaður í lok tímabils	1 og 2	2016-2019	Aðgerð lokið
Unnið að tillögum sem miða að auknum innheimtuárangri	1	2017	Aðgerð komin vel á veg
Unnið að undirbúningi að rafrænu gagnafleði milli stofnana réttarvörslukerfisins sem tryggir yfirsýn og rekjanleika mála innan þess	3	2016-2019	Aðgerð hafin

10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis

Neytendamál

Neytendamál voru áður hluti af þessum málaflokki en í forsetaúrskurði um skiptingu stjórn málaefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 84/2017 voru neytendamál flutt yfir til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Persónuvernd

Persónuvernd hefur tekið saman og gefið út leiðbeiningar um fjölmörg atriði hinnar nýju persónuverndarlöggjafar, þ. á m. um persónuverndarfulltrúa, sem hverri stofnun og mörgum fyrirtækjum er skylt að tilnefna. Allt upplýsingaefni Persónuverndar, þ. á m. leiðbeiningar, hefur verið birt með aðgengilegum hætti á vefsíðu stofnunarinnar, auk þess hefur Persónuvernd tekið í gagnið nýja og uppfærða vefsíðu í því skyni að bæta þjónustu til notenda. Þá mun Persónuvernd koma upp þjónustuborði á vefsíðu sinni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki vegna innleiðingar á nýrri persónuverndarlöggjöf þar sem boðið er upp á svörun við fyrirspurnum og yfirllestur á skjölum sem fyrirtæki hafa útbúið vegna innleiðingar á og hlítungu við nýtt persónuverndarregluverk.

Útlendingamál

Umtalsverð aukning í umsóknum um vernd í lok árs 2016 og áframhaldandi þungi í kerfinu allt árið 2017 setti öll áform um málsmeðferð úr skorðum. Ófyrirséður fjöldi umsókna frá öruggum upprunaríkjum gerði það að verkum að flestum úrræðum kerfisins var beint að afgreiðslu þeirra umsókna

svo draga mætti úr frekari ásókn. Þar með var dregið úr afkastagetu annarra teyma Útlendingastofnunar og málsmeðferðartími því lengri en búast mátti við.

Vegna fordæmalausrar aukningar bersýnilega tilhæfulausra umsókna um alþjóðlega vernd frá ríkisborgurum örugga upprunaríkja var gripið til ýmissa aðgerða. Útlendingastofnun hafði frumkvæði að því að setja fleiri ríki á lista stofnunarinnar yfir örugg upprunaríki (Úkraína, Georgía, Kosovó) auk þess sem þrýst var á að lokið yrði við endurvíðtökusamninga við þau ríki sem samið hafði verið um áritunarfrelsi við.

Samráð aðila kerfisins var eftt til muna með reglubundnum samráðsfundum dómsmálaráðuneytisins, Útlendingastofnunar, kærunefndar útlendingamála, Rauða kross Íslands, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunni á Suðurnesjum og ríkislögreglustjóra. Sett var reglugerð um forgangsmæðferð sem stuðlaði að styttri málsmeðferðartíma auk þess sem lögð var rík áhersla á að afgreiða úr kerfinu þann fjölda umsókna frá öruggum upprunaríkjum sem höfðu safnast upp.

Vert er að benda á að kærunefnd útlendingamála flokkar mál á annan hátt þannig að ekki eru til staðar eiginleg forgangsmál heldur eru umsóknir frá öruggum upprunaríkjum flokkaðar sér óháð því hvort umsókn sé metin bersýnilega tilhæfalaus eða ekki. Umsóknir frá öruggum upprunaríkjum eru flokkaðar með efnismeðferðarmálum.

Markmið: Réttindi einstaklinga

Markmið	Mælikvarðar	Viðmið 2017	Staða 2017
1. Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda	Ferli til staðar hjá undirstofnununum sem taka til rýni ábendingar æðra settra stjórnvalda um málsmeðferð vegna stjórnvaldsákvarðana	Eftir atvikum sett í árangursstjórnunarsamninga	Gert er ráð fyrir að markmiðssetning og árangursmælingar í samræmi við lög um opinber fjármál komi í stað árangursstjórnunarsamninga.
	Málsmeðferðartími stjórnvalda vegna umsókna eða erinda sé að jafnaði innan dagviðmiða	ÚTL Efnismeðferð: 90 Dyflinnarmál: 80 Forgangsmál: 14 KNU Efnismeðferð: 90 Dyflinnarmál: 80 Forgangsmál: 14	ÚTL Efnismeðferð: 191 Dyflinnarmál: 88 Forgangsmæðferð: 69 KNU* Efnismeðferð: 59 Dyflinnarmál: 52 Forgangsmál: 0 *Sjá í stöðumati
	Hlutfall tilhæfulausra umsókna frá öruggum löndum fækki verulega	10%	60%
2. Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda	Skor í UT úttekt á gæðum heimasíðu fari ekki undir 80 af 100	Allir vefir skori yfir 80 í stigagjöf.	UTL: 68 Persónuvernd: 83

Aðgerðir skv. frumvarpi til fjárlaga 2017

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímaáætlun	Staða
Sem hluti af stefnu og framtíðarsýn að móttöku og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd verði komið í varanlegra húsnæði ásamt því að unnið verður að frekara samkomulagi við sveitarfélögin um þjónustu	1	2017-2018	Aðgerð lokið
Samræming ferla milli allra aðila frá móttöku umsókna um alþjóðlega vernd til síðustu afgreiðslu mála svo halda megi markmiðum um skilvirka og skjóta málsmeðferð	1 og 2	2017-2018	Aðgerð hafin
Undirbúin fræðsla og ráðgjöf vegna nýs hlutverks persónuverndarfulltrúa sem öllum fyrirtækjum og stofnunum verður skylt að tilnefna samkvæmt hinu nýju regluverki	1 og 2	2017-2018	Aðgerð hafin

10.30 Sýslumenn

Sífelldu eru að bættast við ný eyðublað inn á vef sýslumanna, þótt enn sem komið er sé almennt ekki unnt að skila þeim inn rafrænt. Vinna við slíkt hófst þó hjá sýslumanninum á Vestfjörðum á árinu 2017 eins og að var stefnt, en verkefnið er nokkuð flóknara en virtist í fyrstu, þar sem mikill hluti eyðublaðanna kallar á undirskriftir fleiri en eins aðila. Þá þarf Þjóðskrá, sem

sér um þróun starfskerfa sýslumanna, væntanlega að koma að frekari hönnun, ef mál á að geta stofnast sjálfkrafa á grundvelli rafrænnar umsóknar eða beiðni.

Frumvarp að lögum er varðar rafrænar þinglýsingar hefur ekki verið lagt fram, en mikil vinna hefur farið fram á vettvangi sýslumanna og ráðuneytis hvað varðar undirbúning gildistöku þess.

Markmið: Sýslumenn

Markmið	Mælikvarðar	Viðmið 2017	Staða 2017
1. Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda	Fjöldi rafrænna eyðublaða.	Vinna hefst	Vinna hafin
	Fjöldi skjalategunda sem er þinglýst rafrænt	Frumvarp um rafrænar þinglýsingar lagt fram á Alþingi	Frumvarp ekki lagt fram
2. Aukin ánægja viðskiptavina með þjónustu og gæði hennar	Þjónustukannanir notaðar til að fylgjast með ánægju viðskiptavina og hverju beri að bregðast við	Að meðaltal sé yfir 80% og hvert embætti vinni að settum markmiðum í árangursstjórnunar-samningi	79%
3. Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda	Skor í UT* úttekt á gæðum heimasíðu	Vefur skori yfir 73 í stigagjöf	76 stig

*UT úttekt „Hvað er spurnið í opinbera vefi?“ og snýst um að kanna gæði opinberra vefsíðna og er framkvæmd annað hvert ár.

Aðgerðir skv. frumvarpi til fjárlaga 2017

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímaáætlun	Staða
Gerðir verða árangursstjórnunarsamningar við alla sýslumenn sem fjalla um að sett verði viðmið um málsmeðferðartíma og unnið verði með þjónustukannanir	1, 2 og 3	2016-2017	Aðgerð lokið
Samræmdir verkferlar sýslumanna á landsvísu	1, 2 og 3	2016-2018	Aðgerð hafin
Eyðublað á heimasíðu sýslumanna gerð rafræn	1, 2 og 3	2017-2021	Aðgerð hafin
Sameiginlegur starfsmaður sýslumannsembættanna	1, 2 og 3	2017	Aðgerð lokið
Frumvarp um rafrænar þinglýsingar lagt fram.	1,2	2017	Aðgerð hafin

10.40 Stjórnsýsla dómsmála

Á árinu var innanríkisráðuneytinu skipt upp í tvö ráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Starfsfólki var skipt upp á milli ráðuneytanna og flutt á milli starfstöðva í húsnæði ráðuneytisins, þannig að það endurspeglaði betur hin nýju ráðuneyti. Að öðru leyti unnu ráðuneytin í sitt hvoru lagi að endurskipulagningu starfseminnar, staðfestingu á nýjum skipurimum, ásamt endurskipulagi á verkferlum.

Almenn meðferð var sú að lagafrumvörp, þingsályktanir og reglugerðir voru í langflestum tilvikum kynnt á netinu. Breyttar forsendur lágu fyrir á árinu þar sem á sama tíma var unnið að opnun samráðsgáttar þar sem öll slík mál fara til kynningar.

Markmið: Stjórnsýsla dómsmála

Markmið	Mælikvarðar	Viðmið 2017	Staða 2017
1. Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda	Hlutfall úrskurða ráðuneytisins sem snúið er við hjá dómstólum fari ekki yfir 5%	0	Markmiðinu var náð á árinu 2017.
	Hlutfall álita frá Umboðsmanni Alþingis á ákvörðunum ráðuneytisins fari ekki yfir 5%	0	Markmiðinu var náð á árinu 2017.
2. Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda	Hlutfall lagafrumvarpa og þingsályktana sem fara í kynningu á netinu er a.m.k. 95%	95%	Almenn meðferð var sú að lagafrumvörp og þingsályktanir voru í langflestum tilvikum kynnt á netinu.
	Hlutfall reglugerða sem fara í kynningu á netinu er a.m.k. 95%	95%	Almenn meðferð var sú að reglugerðir voru í langflestum tilvikum kynnt á netinu.
	Skor í UT úttekt á gæðum heimasíðu fari ekki undir 95 af 100	100	95 stig (Vefur innanríkisráðuneytis)

Aðgerðir skv. frumvarpi til fjárlaga 2017

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímaáætlun	Staða
Fjölgun rafrænna eyðublaða.	1	2017	Aðgerð ekki hafin
Umbætur á heimasíðu; endurskoðun á efni o.fl.	2	2016-2017	Aðgerð lokið
Uppfærsla á regluverki vegna endurbóta á persónuverndarlöggjöf með tilkomu nýrrar Evrópureglugerðar	1	2017	Aðgerð lokið

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða Ráðstöfun varasjóðs á árinu 2017

2.2 Héraðsdómstólar (06.998.110)	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	7,2
06.220 Dómstólasýslan (Fjárukalög 2017)	7,2
Staða varasjóðs í lok árs	0,0

9.1 Löggæsla (06.998.115)	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	36,7
06.390 Ýmis löggæslu-og öryggismál	-25,0
06.305 Lögregluskóli ríkisins	-50,0
Staða varasjóðs í lok árs	111,7

9.2 Landhelgi (06.998.120)	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	11,1
Staða varasjóðs í lok árs	11,1

Flutt var fé úr varasjóði héraðsdómstólanna til þess að undirbúa stofnun dómstólasýslunnar.

Varasjóður löggæslumála var styrktur á árinu um 75 m.kr.

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Skýringar á helstu frávikum ríkisaðila og árslokastaða

Rekstrarstaða sýslumannsembættanna er erfið og hefur verið um nokkurra ára skeið. Gerð var áætlun til tveggja ára, um það hvernig unnið yrði að því að koma rekstrinum innan fjárheimilda.

Afgangur á hælislíð skýrist af því að kostnaður sem féll til á árinu kom ekki til gjalda fyrr en eftir áramót.

Opinber réttaraðstoð, málskostnaður í opinberum málum og bætur brotaþola eru málskostnaðarliðir sem ráðast af utanaðkomandi þáttum.

Verið er að vinna að uppgjöri á árslokastöðu á bilarekstri ríkislögreglustjóra og liggur niðurstaða ekki fyrir.

Uppsöfnuð frávik/áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna

